

Fundargerð 9. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2021, kl. 12:00 mánudaginn 22.nóvember. Fundurinn haldinn í bæjarráðssal að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Lovísa Traustadóttir (í fjarfundi), Þórdís Kristinsdóttir Bakkmann, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð. Helga B. Arnarsdóttir og Sigurður Þórður Ragnarsson, boðuðu forföll.

1. Verkefnastaða.

Önnur og þriðja hæð Sólvangs verða tilbúnar og afhentar 15.desember 2021.

Fjórða hæðin verður tilbúin og afhent 15.janúar 2022.

Aðgengi inn á 2-3 hæð verður gegnum nýja Sólvang til að byrja með meðan lokafrágangur klárast á anddyri og stigagangi.

Á annarri hæð verður 11 rýma hjúkrunarheimili og 39 hvíldar- og endurhæfingarrými á þriðju og fjórðu hæð. Nú fara fram úttektir til að flýta fyrir lokaúttekt byggingarfulltrúa. Fjárhagsforsendur eru nokkurn veginn að standast.

Samkvæmt upplýsingum frá innkaupastjóra og framkvæmdastjóra hjúkrunar á Sólvangi ganga búnaðarkaup vel og ættu ekki að hamla opnun á tilsettum tíma. Heilbrigðisráðuneytið hefur upplýst að búið sé að semja við Sóltún öldrunarþjónustu um reksturinn. Sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs er falið að kalla eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvenær fyrirhugað er að reksturinn hefjist.

2. Framkvæmdir vegna dagdvalar.

Á fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmda við útisvæði við Sólvang. Einnig er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna djúpgáma. Samráð verður haft við rekstraraðila varðandi útfærslur á útisvæðinu. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs lagði fram teikningar að útisvæði Sólvangs.

3. 5. hæð, nýting og hönnun rishæðar.

Gert er ráð fyrir fjármagni á fjárhagsáætlun í rýmisgreiningu og hugmyndavinnu við útfærslur á breytingum á 5.hæð Sólvangs. Hæðin er undir súð og einungis 150 fermetrar nýtanlegir. Þakið er mjög illa farið og þarfnast endurbóta. Ákveðið að kalla eftir tillögum frá arkitektum vegna breytinga á hæðinni t.d. að lyfta þakinu í því skyni að auka nýtingarmöguleika rýmisins. Verkefnastjórnin er sammála um að nýta skuli 5.hæð Sólvangs sem starfsaðstöðu fyrir starfsfólk heimaþjónustu/stuðningsþjónustu sveitarfélagsins, heimahjúkrun fái tilboð um að nýta rýmið og að auki verði fyrir fjölnota rými s.s. fundarsalur á 5.hæð.

Tillögur arkitekta liggja fyrir innan þriggja mánaða.

Fundi slitið kl. 13:00

